

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Húnavatns-sýslu um niðurfellingu manntalsþinga í Austur-Húnavatnssýslu.

„Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, herra sýslumaður, dags. 14. janúar s. l., varðandi tillögu yðar, ásamt samþykkt sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu, um að leggja niður manntalsþing í Austur-Húnavatnssýslu.

Með vísun til 10. gr. laga nr. 28 1981 um breyting á lögum nr. 85 1936 um meðferð einkamála í héraði, samþykkir ráðuneytið að manntalsþing í Austur-Húnavatnssýslu verði lögð niður.“

Nr. 545.

8. febrúar 1982.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Húnavatns-sýslu um niðurfellingu manntalsþinga í Vestur-Húnavatnssýslu.

„Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, herra sýslumaður, dags. 29. janúar s. l., varðandi tillögu yðar, ásamt samþykkt sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu, um að leggja niður manntalsþing í Vestur-Húnavatnssýslu.

Með vísun til 10. gr. laga nr. 28 1981 um breyting á lögum nr. 85 1936 um meðferð einkamála í héraði, samþykkir ráðuneytið, að manntalsþing í Vestur-Húnavatnssýslu verði lögð niður.“

Nr. 546.

14. júlí 1982.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Eyjafjarðar-sýslu um niðurfellingu manntalsþinga í Eyjafjarðarsýslu.

„Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, herra sýslumaður, dags. 2. þ. m., varðandi tillögu yðar, ásamt samþykkt sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu, um að leggja niður manntalsþing í sýslunni.

Með vísun til 38. gr. laga nr. 85 1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 10. gr. laga nr. 28 1981, samþykkir ráðuneytið hér með, að manntalsþing í Eyjafjarðarsýslu verði lögð niður.“